

# STARFSLEYFI

fyrir dekkjaverkstæði með smurþjónustu

## Pitstop vellir ehf

kt. 4608251050

Suðurnella 9, Hafnarfjörður

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness veitir leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### Leyfið gildir frá 28. janúar 2026 til 28. janúar 2038

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir, hverju sinni, sé fylgt.

#### Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs dekkjaverkstæðis með smurþjónustu, sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

#### Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- Reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024.
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur.

#### Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, sbr. fylgiskjal.

#### Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Rekstraraðila ber að veira heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðar geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Kópavogur, 30. desember 2025



# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR SMURSTÖÐVAR

Uppfært 21.12.2018

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

|     |                                                                                                                                                                                                | Rgl.nr.             |
|-----|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------|
| 1.1 | Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur dekkjaverkstæðis með smurþjónustu                                                                                                                        | 550/2018<br>5. gr.  |
| 1.2 | Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja. | 550/2018<br>6. gr.  |
| 1.3 | Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.                                                                                       | 550/2018<br>5. gr.  |
| 1.4 | Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.                                     | 550/2018<br>13. gr. |

## 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

|     |                                                                                                                                                                                     | Rgl.nr.              |
|-----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------|
| 2.1 | Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.                    | 550/2018<br>112/2012 |
| 2.2 | Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. úrgangsolíutunnur og annan úrgang á lóðum þannig snúi að almannafæri eða valdi slyshættu. Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum. | 737/2003             |

## 3. MENGUNARVARNIR

|     |                                                                                                                                                                                              | Rgl.nr.                             |
|-----|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------|
| 3.1 | Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.                                                                                                                                  | 798/1999<br>5. gr.                  |
| 3.2 | Hafa skal olíugildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúa. | 798/1999<br>5. gr.                  |
| 3.3 | Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápu efni og/eða olíuhreinsa.                                                                   | 550/2018<br>og rgl. nr.<br>798/1999 |
| 3.4 | Hafa skal reglubundið eftirlit með olíugildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.                                                                                                    | 798/1999<br>5. gr.                  |
| 3.5 | Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.                                                             | 798/1999<br>5. gr.                  |



|     |                                                                                                                              |                    |
|-----|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|
| 3.6 | Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olúgildru | 798/1999<br>5. gr. |
|-----|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|

#### 4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

|     |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    | Rgl.nr.                                     |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------|
| 4.1 | Oliutankar þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, með síðari breytingum.                                                                                                                                                                      | 884/2017                                    |
| 4.2 | Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyrar eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyrar, í viðurkenndum tönkum og tunnum, skulu þau vera á öruggum stað með ákeyrsluvörn. Skal það vera skýli eða á annan þann hátt sem Heilbrigðiseftirlitið samþykkir. | 884/2017                                    |
| 4.3 | Öryggisblöð fyrir merkingaskýld efni skulu vera á staðnum.                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | 888/2015<br>5. gr.<br>og lög nr.<br>61/2013 |

#### 5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

|     |                                                                                                                                                                    | Rgl.nr.                                                  |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|
| 5.1 | Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi. | 1040/2016<br>3. gr.<br>og rgl. nr.<br>806/1999<br>5. gr. |
| 5.2 | Ganga skal frá olíusmituðum úrgangi þar til hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun.                                                                 | 884/2017<br>og rgl. nr.<br>1040/2016                     |
| 5.3 | Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.                                         | 1040/2016<br>og. rgl. nr.<br>806/1999                    |
| 5.4 | Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.                                                                             | 737/2003<br>og rgl. nr.<br>806/1999                      |

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Kópavogur, 30. desember 2025

